

Forsætisráðuneyti
b.t. Ásthildar Valtýsdóttur lögfræðings

Eingöngu sent rafrænt

Reykjavík, 4. desember 2024

Tilv.: 2411013

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, vegna Hörpu tónlistar- og ráðstefnu húss ohf.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 26. nóvember sl., um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, vegna tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins þess efnis að Hörpu verði veitt áframhaldandi undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga vegna samkeppnislegra hagsmuna félagsins. Meðfylgjandi umsagnarbeiðninni var erindi Hörpu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 31. október sl. og erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðherra, dags. 21. nóvember sl.
2. Líkt og fram kemur í erindi forsætisráðuneytisins hefur Hörpu þrívægis verið veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga og hefur Samkeppniseftirlitið veitt ráðuneytinu umsögn í hvert þeirra skipta. Í þeim umsögnum hefur komið fram að starfsemi Hörpu sé, í skilningi 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, ekki að nær öllu leyti í samkeppnisrekstri þar sem draga megi í efa að starfsemi Hörpu er varðar símfóníuhljómsveit Íslands fari fram í samkeppni á markaði.
3. Samkvæmt upplýsingum frá Hörpu voru tekjur vegna símfóníuhljómsveitarinnar um 14,4% af rekstrartekjum Hörpu árið 2023 og því ljóst að 85,6% rekstrartekna á árinu hafi verið vegna annarra starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur. Í þessu ljósi ítrekar Samkeppniseftirlitið það sem komið hefur fram í fyrri umsögnum eftirlitsins, þ.e. að undanþáguákvæði 4. tl. 10 gr. upplýsingalaga og þeim sjónarmiðum sem þar liggja til grundvallar sé beitt vegna samkeppnisstarfsemi Hörpu. Þannig sé tryggt að um þá starfsemi Hörpu sem teljist í samkeppni skapist ekki ójafnræði í upplýsingaskyldu- og miðlun sem væri óheppilegt fyrir samkeppni á viðkomandi markaði eða mörkuðum.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Eva Ómarsdóttir